



Bætt framleiðni, meira samstarf og minni byrðar bestu kosningaloforðin

Nú á lokametrum kosningabaráttunnar eru línur teknar að skýrast í helstu stefnumálum stjórnmalaflokkanna. Af áherslum þeirra og almennri umræðu að líta bera afleiðingar fjármálahrunsins þar einna hæst. Er það að hluta til skiljanlegt en að sama skapi miður því það bendir sterklega til þess að lífsskjarabati síðustu ára hafi ekki verið jafn hraður og vænst var í upphafi kjörtímabilsins.

Hagtölur síðustu tveggja ára renna stoðum þar undir, þó ákveðinn árangur hafi náðst s.s. í viðsnúningi á hallarekstri ríkissjóðs. Hagvöxtur er talsvert undir væntingum og upphaflegum spám, fjárfestingar eru af skorum skammti, skuldsetning er almennt of há, vaxtaumhverfið er ekki beysið og hægt þokast í afnámi gjaldeyrishafta. Þá benda hagvaxtarspár þessa og næsta árs enn fremur til hægfara viðsnúnings næstu misserin.

Það er í þessu ljósi sem þarf að rýna kosningaloforð stjórnmalaflokkanna, þ.e. með hvaða hætti hyggjast þeir færa þessa þætti til betri vegar, hvaða leiðir eru skilvirkar og líklegar til að hámarka líf skjör til lengri tíma án þess að skapa byrðar fyrir komandi kynslóðir. Einfalda svarið við þessu er aukin framleiðni, þ.e. að gera fyrirtækjum og starfsmönnum þeirra kleift að skapa sem mest verðmæti með sem minnstum tilkostnaði. Í því liggja sameiginlegir hagsmunir allra Íslendinga. Ástæðan þar að baki liggur í nokkrum þáttum:

- Framleiðniaukning er uppspretta hagvaxtar og bættrar samkeppnishæfni.
- Hagvöxtur er drifkraftur líf skjara, sem má sjá á því að síðustu 20 ár hefur kaupmáttur launa og landsframleiðsla á mann fylgst nánast fullkomlega að.
- Sterk fylgni er milli aukinna efnahagsumsvifa og minni fátæktar.
- Svigrúm hins opinbera eykst með auknum umsvifum, sem gerir því kleift að efla orsakabætti framleiðnivaxtar og að bæta þjónustu sína gagnvart almenningi.

Samhliða bætti framleiðni þarf að takast á við ákveðna hagvaxtarhamlandi þætti. Þar verður einna helst að líta til skuldastöðu ríkissjóðs, sem er bágborin um þessar mundir. Það er þekkt að há skuldsetning hamlar eða dregur jafnvel með beinum hætti úr hagvexti. Þá sýnir ríkisreikningurinn vel hvílík blóðtaka leiðir af mikilli skuldsetningu sem ella mætti beina í þann farveg

„Hvaða leiðir eru skilvirkar og líklegar til að hámarka líf skjör til lengri tíma án þess að skapa byrðar fyrir komandi kynslóðir“

„Auðveldara er að lofa úrbótum á vandamálum sem eru nær í tíma en fjær, þó deila megi um umfang langtímaábatans fyrir samfélagið í heild“


að næra grunnstoðir framleiðniaukningar. Þrátt fyrir að greiðsluseðlar vegna skulda ríkisins berist ekki mánaðarlega inná íslensk heimili þá eru það skattgreiðendur sem bera afborganirnar. Það ætti því að vera forgangsatriði, samhliða bættri umgjörð til verðmætasköpunar, að létta á skuldum hins opinbera á næsta kjörtímabili.

Þrátt fyrir að ráða hvað mestu um framtíðarlífskjör Íslendinga hefur útfærð umræða um þessa tvo þætti að hluta setið á hakanum í kosningabaráttunni. Ástæðan liggur eflaust í því að auðveldara er að lofa úrbótum á vandamálum sem eru nær í tíma en fjær, þó deila megi um umfang langtímaábatans fyrir samfélagið í heild. Þá kom út fyrir þremur árum ítarleg skýrsla um afleiðingar skammtímahugsunar sem ætti að minna alla á taka viðamiklum vorboðum með hæfilegum fyrirvara.¹ Vönduð vinna Samráðsvettvangs um aukna hagsæld, sem m.a. formenn stjórnmalaflokka sem eiga sæti á Alþingi sitja í, vekur þó upp vonir um nýja nálgun í þessum efnum. Þverpólísk samstaða um innleiðingu a.m.k. meginþátta tillagna vettvangsins myndi bæta hag íslensks samfélags um ókomna tíð.

Skuldir geta hamlað hagvexti ...

Þekkt er að skuldastaða ríkissjóðs hefur versnað til muna frá árinu 2007. Þá námu skuldirnar um 30% af VLF en í dag nema þær um 86% eða um 125% af VLF sé jafnframt litið til skulda sveitarfélaga. Samkvæmt spám fjármálaráðuneytisins er gert ráð fyrir að að vaxtakostnaður yfir tímabilið 2009-2016 verði rúmir 84 ma. að meðaltali á ári.² Horft til áranna 1999-2008 nam árlegur vaxtakostnaður hins vegar að meðaltali um 30 ma. kr.³

Mynd 1 Heildarskuldir hins opinbera (ríkis og sveitarfélaga), % af VLF



Heimild: OECD


1) Skýrsla Rannsóknarnefndar Alþingis, 12.4.2010.

2) Á föstu verðlagi 2012.m.v. 4% verðbólgu til 2016. Hér og eftirleiðis er miðað við vaxtagjöld af brúttó skuldum ríkissjóðs en vaxtajöfnuður þessa árs er áætlaður 62,3 ma. kr. skv. Ríkisbúskapnum 2013-2016.

3) Á verðlagi ársins 2012.

Munurinn þar á, ríflega 50 ma. kr., jafnast á við fjárframlög ríkisins nú í ár til Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík og til rekstrar Landspítalans eða öllum innheimtum vörugjöldum ársins 2011. Þar af má rekja rúma 16 ma. kr. beint til falls fjármálakerfisins eða um 20% af árlegum vaxtagreiðslum ríkissjóðs.⁴ Þetta eru byrðar sem skattgreiðendur hafa tekið á herðar sínar og of lítið rætt um að færa til betri vegar í náninni framtíð.

Mynd 2 Viðbótarvaxtakostnaður 2009-2016 sbr. við 1999-2008



„Viðbótarvaxtakostnaður jafnast á við fjárframlög ríkisins nú í ár til Háskóla Íslands, Háskólans í Reykjavík og til rekstrar Landspítalans“

Heimildir: Ríkisreikningur 1999-2011, Ríkisbúskapur 2013-2016 og útreikningur Viðskiptaráðs.

Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi þess að vinda ofan af þessari skuldastöðu sem fyrst. Auk þess að keyra upp vaxtakostnað bendir margt til að þegar ákveðnum þröskuldi er náð fer skuldsetning hins opinbera að hamla hagvexti og þar með lífsskjarabata. Er þar gjarnan miðað við skuldir yfir 90-100% af VLF en jafnvel má greina neikvæð áhrif þeirra á hagvöxt þegar hlutfallið er komið yfir rúm 70%.⁵⁶ Minni hagvöxtur gerir þjóðarþúinu aftur erfiðara um vik með að standa undir skuldabyrðinni, m.a. með samdrætti í skattheimtu, og getur leitt til aukinna skulda. Við slíkar aðstæður er því ákveðin hættu á neikvæðri víxlverkun skuldasoðnunar og slaks hagvaxtar.

Áhrifarík lausn á slíku vandamáli gæti annars vegar falist í markvissum skattalækkunum sem að öðru óbreyttu gætu leitt til aukinna ráðstöfunartekna, sparnaðar og einkaneyslu og aukinni langtíma fjárfestingu hins vegar. Þetta þyrfti þó að framkvæma með hliðsjón af stöðu ríkissjóðs á hverjum tíma.


4) Umræður á Alþingi, 19. fundur á 141. löggjafarþingi og skýrsla starfshóps um framtíðarhorfur og framtíðarhlutverk Íbúðalánasjóðs.

5) Skýrsla evrópska seðlabankans um skuldavanda evruríkja og hagvöxt, sjá frekar skýrslu IMF, Coping with high debt and sluggish growth, og skýrslu hagfræðiráðs Hollands, When debt is sustainable.

6) Áhrif mikillar skuldsetningar hefur helst á hrif á hagvöxt í gegnum sparnað einkaaðila, fjárfestingu hins opinbera, heildarþáttaframleiðni og langtíma nafn- og raunvexti.

„Árlegar vaxtagreiðslur samsvara 82% af tekjuskattsgreiðslum allra Íslendinga.“

Mynd 3 Dæmi um tekjustofna sem þarf til að þjónusta vaxtakostnað ríkisins árið 2013



Heimild: RSK

... og þyngra byrðar skattgreiðenda

Árlegar vaxtagreiðslur munu næstu ár að jafnaði nema um 15% af heildartekjum ríkissjóðs.

- Þetta samsvarar 82% af almennum tekjuskattsgreiðslum allra Íslendinga, 61% af öllum innheimtum virðisaukaskatti ársins 2011 eða 159% af öllum vörugjöldum sama árs.
- Samanlagt nemur árlegur vaxtakostnaður tæplega 273 þús. kr. á hvern Íslending, ríflega 518 þús. kr. á hvern starfandi einstakling eða tæplega 711 þús. á hvert íslenskt heimili – sem jafngildir aukinni greiðslubyrði hvers heimilis uppá 59 þús. á mánuði.⁷

Sé hins vegar miðað við að samningar við kröfuhafa gömlu bankanna gefi ríkinu 250 ma. kr. í aðra höndina, eins og rætt hefur verið um, og að sá ágóði sé nýttur til niðurgreiðslu skulda má áætla að árlegur vaxtakostnaður lækki um 15 ma. kr., þ.e. úr rúmum 88 mö. í um 73 ma. kr.⁸

„Ráðstafa þarf tekjuskattsgreiðslum um 148 þús. Íslendinga með meðallaun til að þjónusta vaxtakostnað ríkisins árið 2013.“


Það þýðir að í stað þess að þurfa að ráðstafa árlegum tekjuskattsgreiðslum um 148 þús. Íslendinga með meðallaun⁹ í að þjónusta vaxtakostnaðinn þyrfti „aðeins“ tekjuskattsgreiðslur 124 þús. Íslendinga. Tækist ríkissjóði til lengri tíma að ná sambærilegri skuldsetningu og árin fyrir fall bankakerfisins þá væri unnt að losa alls árlegar tekjuskattsgreiðslur ríflega 98 þús. Íslendinga. Í þeirri stöðu stæðu „aðeins“ tekjuskattsgreiðslur 50 þús. Íslendinga undir vaxtakostnaðinum.

7) Tölur frá Hagstofunni m.v. 321 þús. Íslendinga, 170 þús. starfandi einstaklinga, 124 þús. heimili og staðtölur skatta frá RSK auk ríkisreiknings árið 2011.

8) Miðað við áætluð vaxtagjöld ársins 2013 og m.v. 5,8% meðaltals fjármagnskostnað af lánasafni ríkissjóðs.

9) Tölur Hagstofunnar, m.v. meðaltal reglulegra launa fullvinnandi einstaklings árið 2012 og tekjuskattshlutfall án útsvars.

Mynd 4 Fjöldi einstaklinga, heimila eða fyrirtækja sem þarf til að greiða vaxtakostnað ríkisins



Heimildir: Hagstofan, RSK og útreikningar Viðskiptaráðs Íslands

Þrátt fyrir grófa nálgun þá sýna þessar tölur vel hversu mikið hagsmunamál það er fyrir alla sem hér búa að lækka skuldir ríkissjóðs sem allra fyrst. Að sama skapi draga þær fram mikilvægi þess að vandað sé mjög vel til verka sé ætlunin að ráðstafa hugsanlegum ágóða ríkisins af samningum við kröfuhafa bankanna í aðra þætti. Þá ráðstöfun þarf að vega og meta út frá væntum lengri tíma ábata samfélagsins í heild og útfærslan að vera slík að ekki sé aðeins nælt í skammgóðan vermi.¹⁰

Lífskjarabati ræðst af framleiðniaukningu

Þörfin á að örva samhliða hagvöxt er knýjandi. Það að greiða niður skuldir og forðast frekari skuldsetningu nægir ekki eitt og sér, enda skapa lægri skuldir ekki hagvöxt. Hagfelldari skuldsetning losar hins vegar um tekjur sem unnt er að ráðstafa til að efla undirliggjandi þætti varanlegrar framleiðniaukningar. Velmegun morgundagsins veltur því á að hagstjórnarákvarðanir dagsins í dag ýti undir fjármunamyndun (fjárfestingu), eflingu mannauðs (menntun og þjálfun), tækniframfarir, samþjöppun vinnuafis, sérhæfingu og viðskipti.

Hvatinn til hagræðingar og skilvirkni, sem er fólgin í einkaeign í atvinnurekstri, er meginforsenda þess að hægt sé að hámarka framleiðni enda jafnan innbyggð í kerfi einkarekstrar að kappkosta við að skapa sem mest verðmæti með sem minnstum tilkostnaði. Þess vegna m.a. myndar atvinnulífið bróðurpart alls þess virðisauka sem skapast í hagkerfinu. Til að ýta þar undir og hámarka ábata neytenda þarf virka innlenda og erlenda samkeppni.

Auk þess að gera ríkinu kleift að ýta undir framleiðniaukningu og þar með hagvöxt myndi markviss niðurgreiðsla skulda og trúverðug áætlun um framleiðniaukningu jafnframt auka svigrúm ríkisins til að bæta þjónustu

„Hagfelldari skuldsetning losar um tekjur sem unnt er að ráðstafa til að efla undirliggjandi þætti varanlegrar framleiðniaukningar.“

10) Mynd 4 miðar við að á hverju heimili séu 2,59 einstaklingar og meðaltal tekjuskattsgreiðslna allra fyrirtækja 2012 skv. RSK m.v. 30 þús. skráð ehf./hf.

„Auk þess að gera ríkinu kleift að ýta undir framleiðniaukningu og þar með hagvöxt myndi markviss niðurgreiðsla skulda og trúverðug áætlun um framleiðniaukningu jafnframt auka svigrúm ríkisins til að bæta þjónustu sína gagnvart almenningi.“

„Þannig er grunnur lagður að bæði efnahagslegum og pólitískum stöðugleika til lengri tíma.“

sína gagnvart almenningi. Ýmis grunnþjónusta hins opinbera eykur aftur lífskjör. Þetta má kalla eins konar hagsmunahringrás, en skilvirkni hennar skiptir meira máli hér en víða annars staðar m.a. vegna einhæfra framleiðsluþátta landsins.

Samhent átak þarf til ...

Margir ofangreindra þátta framleiðniaukningar hafa með einum eða öðrum hætti ratað í stefnuskrár flestra stjórnmalaflokka – þó í misjafnlega nákvæmum útfærslum eins og þeim er von og vísa. Það hvort heildstæð framtíðarsýn um bættan hag samfélagsins alls til lengri tíma hafi orðið til þess eða vonin um skjótfengar atkvæðaveiðar er ómögulegt að segja til um og skiptir í raun litlu.

Öllu skiptir hins vegar að slíkum aðgerðum verði hrint í framkvæmd með skipulögðum og markvissum hætti – í sem mestu samstarfi milli flokka og við hagsmunaaðila á viðkomandi sviðum. Þannig er grunnur lagður að bæði efnahagslegum og pólitískum stöðugleika til lengri tíma. Þar hefur skort á síðustu ár og segja má að sundrung í áherslum og ósætti um langtímastefnumörkun hafa staðið framförum fyrir þrifum.

Umræður formanna helstu stjórnmalaflokkanna á [Viðskiptabingi](#) núna í febrúar og víðar benda hins vegar sterklega til sameiginlegs vilja til að

Mynd 5 Hagsmunahringrásin



Heimild: Viðskiptaráð Íslands

snúa af þeirri braut. Það veit á gott. Sem leiðarvísi í þeim efnum njóta stjórnmalaflokkarnir m.a. tveggja þátta. Annars vegar hafa síðustu ár verið ritaðar á annað hundrað skýrslur, álit og greinargerðir tengdar stöðu og framtíðarþróun Íslands í víðu samhengi með fjölbreyttum tillögum til úrbóta.

Hins vegar á sér nú stað umsvifamikil vinna á vettvangi nýlegs Samráðsvettvangs um aukna hagsæld á Íslandi. Verkefni vettvangsins felst m.a. í því að móta yfirlit yfir aðgerðir sem geta stuðlað að langtímahagvexti og efnahagslegum stöðugleika. Vettvangurinn er þverpólitískur og þverfaglegur. Nú þegar hefur verkefnastjórn Samráðsvettvangsins kynnt þrjú efnahagsleg markmið fyrir Ísland og níu skýrar tillögur sem ætlað er að styðja efnahagslegan stöðugleika. Á næstunni verða svo kynntar fleiri tillögur á öðrum sviðum.

Mynd 6 Hugmyndahandbók Viðskiptaráðs frá Viðskiptaþingi 2013

„Takist að mynda þverpólitíska sátt um innleiðingu a.m.k. meginþátta tillagna Samráðsvettvangsins yrði Grettistaki lyft fyrir hag íslensks samfélags“

... um raunhæfa og heildstæða nálgun

Það er ekki einvörðungu efni þegar kynnta tillagna Samráðsvettvangsins sem er eftirtektarvert heldur er verklagið jafnframt til eftirbreytni. Heildstæð, óháð og raunhæf nálgun þar sem mið er tekið af þeim löndum sem skara fram úr, aðgerðaferlið er kortlagt, framkvæmdin forgangsörðuð og meginmarkmiðið lengri tíma ábati fyrir heildina. Takist að viðhalda þessari nálgun á næsta kjörtímabili og mynda þverpólitíska sátt um innleiðinga a.m.k. meginþátta tillagna Samráðsvettvangsins þá yrði Grettistaki lyft fyrir hag íslensks samfélags um ókomin ár.



Það er eitt markmið ofar öðrum sem allir geta sammælt um – að lífsskjör á Íslandi verði nú og eftirleiðis hagsfelld fyrir alla sem hér búa. Því eru fyrirheit um minni byrðar, bættu framleiðni og meira samstarf bestu kosningalofoðin fyrir Alþingiskosningarnar 2013.

Nánari upplýsingar veita Haraldur I. Birgisson framkvæmdastjóri og Viðar Ingason hagfræðingur í síma 510-7100. Fjölmiðlahorn Viðskiptaráðs má finna [hér](#).

Töluleg gögn að baki myndum úr þessari skoðun má nálgast á vef Viðskiptaráðs, en myndirnar sjálfar eru aðgengilegar á [flickr vef ráðsins](#).